FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
113. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
MÁNUDAGUR 15. MAÍ 2017

# Einkareknir fjölmiðlar í mun verri stöðu en áður

**Rekstrarumhverfi fjölmiðla hefur versnað mjög undanfarin ár. Stutt er síðan útgáfa Fréttatímans var stöðvuð og Pressan og DV standa höllum fæti. Stjórnmálamenn telja rétt að skoða stöðuna.**

**FJÖLMIÐLAR** Full ástæða er til að skoða stöðu Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði í kjölfar gjörbreytts rekstrarumhverfis fjölmiðla. Þetta telja ráðherra og fyrrverandi útvarpsstjóri.

Mjög hefur þrengt að einkareknum fjölmiðlum á undanförnum árum. Munar þar miklu um aukna samkeppni frá erlendum fjöl- og samfélagsmiðlum og þá er reglulega rætt um þátt RÚV. Samkeppnin hefur tekið sinn toll en á dögunum var útgáfa Fréttatímans stöðvuð og þá standa Pressan og DV afar höllum fæti.

„Ég taldi rétt að takmarka hlut RÚV á auglýsingamarkaði en það naut ekki stuðnings á sínum tíma og hlaut ekki brautargengi,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fyrrverandi menntamálaráðherra.

Þorgerður segir að það sé mikilvægt að hafa fjölbreytta flóru frjálsra fjölmiðla og þeir lifi ekki af án þess að hafa aðgang að auglýsingafjármagni.

„Yfirburðastaða RÚV er mikil eins og staðan er í dag. Ég tel að það sé ekki óeðlilegt að gera þá kröfu, líkt og á Norðurlöndunum, að ríkisfjölmiðlar séu ekki á auglýsingamarkaði. Þá tel ég einnig rétt að auka fjármagn til heimilda- og sjónvarpsmyndasjóðsins,“ segir Þorgerður.

„Það liggur alveg ljóst fyrir að rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla hefur stórversnað síðustu ár og við sjáum þess ýmis merki

> Ein af meginstoðum lýðræðisins eru frjálsir, óháðir fjölmiðlar og þessi þróun er hættuleg því.



Illugi Gunnarsson, fyrrverandi menntamálaráðherra

hér,“ segir Páll Magnússon, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi ríkisútvarpsstjóri.

Bendir Páll meðal annars á að fjarskiptafyrirtæki hafi tekið yfir ljósvakamiðla og að fjölmiðlafyrirtæki í hinum sígilda skilningi séu á undanhaldi. Hlutur afþreyingarmiðla sé nú meiri, oft á kostnað hefðbundinna fréttamiðla.

„Nefnd um rekstrarumhverfi fjölmiðla á að skila af sér á næstunni og í framhaldi af því er óhjákvæmilegt að ræða stöðuna á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Bæði hvernig þeim einkareknu reiðir af og samhliða því að skoða stöðu RÚV enda tengjast þessir þættir,“ segir Páll. „Ég ætla hins vegar að geyma stærri yfirlýsingar þar til skýrslan liggur fyrir.“

Páll vísar þarna til nefndar sem Illugi Gunnarsson skipaði á síðasta ári en áætlað er að hún skili af sér um næstu mánaðamót. „Ein af meginstoðum lýðræðisins eru frjálsir, óháðir fjölmiðlar og þessi þróun er hættuleg því. Því var lagt í þessa vinnu,“ segir Illugi.

johannoli@frettabladid.is



Söngkonan Þórunn Antonía Magnúsdóttir vill koma í veg fyrir að fólki sé byrluð ólyfjan á skemmtistöðum. Hún lét því gera límmiða sem settir eru ofan á glös. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, er verndari verkefnisins. Veitingastaðirnir Dillon, B5 og Prikið taka þátt í verkefninu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Vírusinn getur tekið yfir heilan vinnustað

**TÖLVUR** Sérfræðingar óttast frekari tölvuárásir í dag víðsvegar um heiminn en þær hófust á föstudaginn. Vírusinn getur tekið yfir heilt staðarnet.

„Það sem er sérstakt við þennan vírus og aðgreinir hann frá öðrum er að hann er með tvöfalda virkni, þá kemur það sem við köllum tölvuorm, vírusinn dreifir sér innan staðarnetsins sem reynir á tiltekinn veikleika. Ef ekki er búið að setja inn þessa öryggisleiðréttingu sem við erum að benda á að þurfi nauðsynlega að gera getur hann tekið yfir heilt staðarnet og allar tölvurnar í því,“ segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar.

– sg / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag

**FRÉTTIR** Verkfræðingar kanna hvort hægt sé að byggja hótel úr gámaeiningum. 2

**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson skrifar um „skerta rýmisgreind“. 9

**SPORT** Stefnir í fjölgun og sæti í efstu deild fyrir Víkinga. 12

**TÍMAMÓT** Menntun fimm ára barna verður rædd á faglegum forsendum á Grand Hóteli í dag á ráðstefnu í tilefni afmælis Rannung. 16



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
- FÓLK
- FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Austlæg átt, víða 5-13 og úrkomulítið. Vaxandi norðaustanátt og fer að rigna um kvöldið, fyrst suðvestanlands. Sums staðar stormur á Suðausturlandi og allra syðst.

SJÁ SÍÐU 18



**Mikil töf hefur verið á afhendingu innfluttra bíla.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nýtt kerfi átti að vera komið

**SAMGÖNGUR** Nýtt skráningarkerfi til að bæta afgreiðsluhraða í forskráningum bíla átti að vera komið í gagnið á vormánuðum 2017. Það hefur frestast og stefnt er að því að það verði tekið í notkun í haust.

Fréttablaðið hefur undanfarna daga greint frá ósætti bílasala og annarra aðila við að biðtími eftir forskráningu nýrra bíla sé orðinn allt að mánuður.

Í svari innanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ) vegna tafa á forskráningum kom fram að Samgöngustofa væri að leita leiða til að stytta afgreiðslutímann til framtíðar með því að gera skráningar rafrænar. Kerfið átti að vera komið í gagnið á vormánuðum, segir í svarinu.

„Þetta er þvert ofan í það sem okkur var lofað, við höfðum staðfestingu fyrir því úr ráðuneytinu að sett yrði fjármagn í þetta til að tryggja að þetta væri komið í gegn í vor, það hefur ekki gengið í gegn og þess vegna er ástandið eins og það er,“ segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVÞ.

Þórólfur Árnason, forstjóri Samgöngustofu, segir að aukinn mannafli verði settur í að sinna forskráningum. „Ég tók ákvörðun í vikunni um að stofna til útgjalda þó ég hafi ekki fjárheimildir fyrir því, því að þetta er ástand sem er ekki ásættanlegt. Ég er líka að setja í hugbúnaðarvinnu umfram fjárheimildir, við vonum að nýja kerfið verði þá komið með haustinu,“ segir Þórólfur. – sg

# Tómar vinnuvélar við fjölfarinn veg




**„Þetta er stórskrýtið. Ég keyrði þarna líka á föstudaginn og það var ekki einn maður sjáanlegur,“ segir Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Ekkert var unnið við framkvæmdir á Miklubraut í gær og stóðu vinnuvélar mannlausar. Einni akrein hefur verið lokað og er gert ráð fyrir að loka fleiri akreinum í sumar. Áslaug bendir á að framkvæmdir í borginni kunni að valda miklum vandræðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Gætu hindrað ráðningu yfirmanns FBI

**BANDARÍKIN** Leiðtogi demókrata í öldungadeild Bandaríkjaþings, Chuck Schumer, segir að Demókratar íhugi að neita því að kjósa nýjan yfirmann FBI, alríkislögreglu Bandaríkjanna, fyrr en sérstakur saksóknari er skipaður til að skoða tengsl Trumps forseta við Rússland.

Samkvæmt frásögn Reuters liggur ekki fyrir ákvörðun um hvað Demókratar gera, en verið er að skoða þetta ráð til að knýja á um rannsókn á áhrifum Rússa á bandarísku forsetakosningarnar í haust.

Það vakti hörð viðbrögð í síðustu viku þegar Trump rak James Comey, yfirmann FBI. Stofnunin hefur verið að rannsaka meint afskipti Rússa af forsetakosningunum og mögulega tengingu milli stjórnvalda í Moskvu og framboðs Trump. – sg

# Vilja byggja hótel úr gámum hér á landi

**Bæði innlendir og erlendir aðilar hafa uppi hugmyndir um að byggja hótel úr svokölluðum gámaeiningum hér á landi. Sviðsstjóri hjá Verkís segir nú unnið að því að skoða hvort byggingarefnið í gámunum standist íslenskar reglugerðir.**

**VIÐSKIPTI** „Þetta er ekki eins og gámaeiningar sem vinnuskúrar eru gerðir úr, þetta eru raunverulega einingar sem byggðar eru úr sömu grind og gámar, það er stálburðarvirki, svo er þetta klætt að utan og klætt að innan – bara nákvæmlega eins og hvert annað herbergi,“ segir Ari Guðmundsson, sviðsstjóri hjá Verkís, en bæði erlendir og innlendir aðilar skoða nú að byggja hótel hér á landi úr gámaeiningum. Ari segir jafnframt að skoðað sé nú hvort slíkt byggingarefni myndi uppfylla íslenskar byggingarreglugerðir.

Hann segir því töluverðan mun á þessu og hefðbundnum hugmyndum fólks þegar það heyrir orðið gámur. „Þetta eru gámar sem eru keyptir erlendis og eru fullfrágengnir að innan, jafnvel með húsbúnaði líka. Þetta eru í raun og veru fullfrágengnar húseiningar úr stáli.“

Fara þarf í gegnum vottunarferli á Íslandi. „Það er það sem fólk er að vinna í núna, að afla frekari upplýsinga um byggingarefnið sem er í þessu og fara í gegnum það hvort það stenst byggingarreglugerðir,“ segir hann.

Ari segir að þetta sé hugsað sem bæði hagkvæmari og hraðari byggingaraðferð. „Lykillinn í þessu er að við erum að skoða, af því að þetta eru mismunandi einingar erlendis, hvort þetta sé allt eitthvað sem uppfyllir þau gæði sem við viljum hafa hér á Íslandi og hvort þetta uppfylli skilyrði byggingarreglugerðar.“

Ari segir að hægt sé að byggja töluvert stór hótel með þessu byggingarformi. „Menn eru að skoða það að herbergisálmur á hótelum séu gerðar úr þessu en móttökur og annað byggt á hefðbundnari hátt,“ segir Ari.

Hann segir að búið sé að byggja hótel úr svona einingum í Bretlandi, Noregi og Svíþjóð. Hann getur ekki sagt á þessari stundu hvort þetta sé umhverfisvænna en aðrar byggingar.

saeunn@frettabladid.is




**Marriott Courtyard í Ástralíu verður fyrsta gámahótelið á 25 hæðum.** MYND/CIMC MODULAR BUILDING SYSTEMS

> **Menn eru að skoða það að herbergisálmur á hótelum séu gerðar úr þessu en móttökur og annað byggt á hefðbundinn hátt.**
>
> Ari Guðmundsson, sviðsstjóri hjá Verkís



Greinakurlarar
Öflugir greinakurlarar - taka allt að 45 mm stofna



Model SDL 2800 EVO
Einfasa rafmótor 2800 W
Sjálfbrýnandi kurlaravals
Koma með safnkassa
Meðfærilegir
Auðveldir í allri notkun
Hljóðlátir
Verð aðeins
Kr. 51.000,-

ÞÓR HF
Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is




Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði og búnaði.

**Rikulegur búnaður í Platinum Edition:** Leður og Alcantara innrétting, leiðsögukerfi með Íslandskorti, 20" RS Spider Platinum álfelgur, rafdrifin GTS sportsæti, stillanlegur forhitari, Bi-Xenon framljós með beygju, BOSE® 665 watta hljóðkerfi, stillanleg fjöðrun (PASM ), hiti í framsætum, 8 gíra sjálfskipting með skiptingu í stýri, Porsche ferðahleðslustöð, Privacy glass (litað gler), tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifinn afturhleri, samlitir brettakantar, svartir háglans gluggalistar, skriðstillir (Cruise Control), upplýstir sílsalistar, Porsche merki greypt í höfuðpúða, sjálfvirk birtustillingspegla, felgumiðjur með Porsche logo í lit, PCM, Porsche Connect Plus, o.m.fl. Verð 11.550 þús. kr.

## Við hættum ekki að leika okkur af því við verðum gömul.
## Við verðum gömul af því við hættum að leika okkur.

**Rafmagns Porsche - Cayenne S E-Hybrid**
**Verð: 10.950 þús. kr.**

Porsche Cayenne S E-Hybrid
416 hestöfl | 590Nm tog

PORSCHE

Bílabúð Benna

**Porsche á Íslandi | Bílabúð Benna:**
Vagnhöfða 23 | 110 Reykjavík | S: 590 2000
www.benni.is | www.porsche.is

**Opnunartími:**
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00

# Keilir vill tveggja brauta kennsluflugvöll og byggja í Vogunum

**SKIPULAGSMÁL** Sveitarfélaginu Vogum hefur borist fyrirspurn frá Keili – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, um afstöðu sveitarfélagsins til byggingar flugvallar fyrir æfinga- og kennsluflug á Strandaheiði. Ef af þessum æfingaflugvelli á Reykjanesi yrði myndi hann anna öllu kennslu- og æfingaflugi á suðvesturhorninu og víðar ef áhugi væri fyrir hendi.

Bæjarráð Voga tók málið fyrir á fundi í síðustu viku og vísaði því til skoðunar hjá umhverfis- og skipulagsnefnd sveitarfélagsins. Eins og kunnugt er rekur Keilir flugakademíu þar sem í boði er nám í einkaflugi, atvinnuflugi, flugþjónustu og flugumferðarstjórn, auk náms í flugvirkjun.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er um tvær flugbrautir að ræða og er hvor um sig 1,2 kílómetrar að lengd – eins yrði um aðstöðu fyrir kennsluvélar að ræða, verkstæði og geymslur.

> **Menn hafa ekki mótað neina afstöðu til þessa á neinn hátt.**
>
> Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri í Vogum



Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri í Vogum, segir að æfingaflugvöllur krefjist eðlilega breytinga á aðalskipulagi sveitarfélagsins, og óformleg fyrirspurn hefur verið send til eiganda landsins sem hér um ræðir. Lengra sé málið ekki komið á þessu stigi.

Spurður hvernig áformin horfi við bæjarstjóranum við fyrstu sýn segir Ásgeir að ekkert eins og þetta hafi komið til tals áður og í skipulagsvinnu síðustu ára hafi slíkt aldrei verið ámálgað. Í því ljósi falli hugmyndin ekki að skipulagi dagsins í dag. „Að öðru leyti líst mönnum ekkert illa á þessa hugmynd – hvorki til né frá,“ segir Ásgeir. **– shá**



Hópurinn að baki flugbílnum hefur meðal annars nýtt sér hópfjármögnun. MYND/CARTIVATOR

## Þróa fljúgandi bíl fyrir 2020

**TÆKNI** Hópur verkfræðinga ætlar að þróa fljúgandi bíl. Bíllinn mun styðjast við drónatækni, vera með þrjú stýri og fjögur hjól. Bíllinn verður kallaður Skydrive.

BBC greinir frá því að japanski bílaframleiðandinn Toyota muni styrkja Cartivator-hópinn, sem vinnur að þróun bílsins, um 40 milljónir jena, eða 36,8 milljónir króna. Hingað til hefur þróun bílsins verið fjármögnuð með hópfjármögnun.

Skydrive mun verða 2,9 metrar á lengd og 1,3 metrar á hæð og verða minnsti flugbíll heims. Hámarkshraðinn verður um 100 kílómetrar á klukkustund og mun bíllinn þá verða í allt að tíu metra hæð.

Vonir eru um að frumgerð af bílnum nýtist til að tendra ólympíukyndilinn þegar Ólympíuleikarnir fara fram í Tókýó árið 2020. **– sg**

## Þvag nýtt við framleiðslu bjórs

**DANMÖRK** Norrebro Bryghus nýtti sér 50 þúsund lítra af þvagi sem safnað var á Hróarskelduhátíðinni til þess að framleiða bjór. Þvagið var nýtt sem áburður á kornið sem notað er í bjórinn.

Bjóráhugamenn segja að bragðið af bjórnum, sem kallaður er Pisner, beri það ekki með sér hvernig byggið er ræktað. **– jhh**

# Alls óvíst að greiðsla tryggi að fólk fái gögnin sín til baka

**Sérfræðingar óttast frekari tölvuárásir í dag, en árásirnar hófust á föstudag og hafa náð til 200 þúsund tölva í að minnsta kosti 150 löndum. Íslendingar geta varið sig með því að afrita skjöl, uppfæra vélar sínar og setja upp öryggisleiðréttingu. Ein tilkynning hefur borist Póst- og fjarskiptastofnun um mögulegt tilfelli hérlendis.**

**TÖLVUR** „Það er alltaf gott að vera með uppfærða vél og uppfærðan hugbúnað vegna þess að þegar gallar finnast, eins og sá sem er verið að nýta núna, er í mörgum tilvikum búið að gefa út uppfærslur fyrir þeim göllum,“ segir Jón Kristinn Ragnarsson, öryggisstjóri hjá Þekkingu.

Töluvárásir áttu sér stað á föstudaginn víðsvegar um heim og var hugbúnaður notaður til þess að taka þúsundir tölva í gíslingu. Um er að ræða gagnagíslatökuárásir (e. ransomware). „Þetta er að dreifast með svindlpóstum. Það er verið að reyna að fá þig til að smella á hlekki. Svona póstar eru alltaf að verða betri og betri. Þeir eru að komast oftar framhjá þessum venjulegu vörnum,“ segir Jón Kristinn.

„Við erum farin að treysta mjög mikið á það að notandinn smelli ekki á hlekkinn, þess vegna skiptir máli að fólk sé meðvitað um það. Allir starfsmenn eru hluti af vörn fyrirtækisins.“

Margir óttast nú frekari árásir á morgun en Rob Wainwright, yfirmaður Europol, segir að árásin hafi náð til 200 þúsund tölva í að minnsta kosti 150 löndum. Lögreglunni hefur ekki borist tilkynning um tilfelli hér á landi. Jón Kristinn segir að engin ástæða sé til að halda að þetta hafi ekki áhrif hérlendis. „Við erum að nota sama búnað og alls staðar úti um allan heim.“

Tölvuþrjótarnir læsa nú gögnum fólks og krefjast greiðslu í staðinn. Jón Kristinn segir ekki eftirsóknarvert að borga. „Það er engin trygging fyrir því að þú fáir gögnin. Það skiptir máli fyrir alla að afrita gögnin sín og vera viss um að þau virki.“



Interpol óttast að fleiri tölvuárásir verði gerðar í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Það skiptir máli fyrir alla að afrita gögnin sín og vera viss um að þau virki.**
>
> Jón Kristinn Ragnarsson, öryggisstjóri hjá Þekkingu



Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir það vera að skýrast hvernig tölvuárásirnar virki tæknilega og hvað sé hægt að gera. Hann segir eina tilkynningu hafa komið frá manni í gær sem óttaðist að árásin hefði komið upp hjá sér hérlendis. „Það verður skoðað. Við teljum að það sé hugsanlegt,“ segir Hrafnkell.

„Þetta er ekki nýtt. Það eru búnar að vera stanslausar árásir í marga mánuði eða misseri. Það sem aðgreinir þetta er hvernig smitleiðin er því hún er miklu virkari þannig að umfangið verður miklu meira.“ Hann tekur undir með Jóni Kristni að við séum líklega ekki stikkfrí á Íslandi.

Hann segir brýnt að fólk hérlendis setji inn öryggisleiðréttingu sem stofnunin hefur mælt með. „Það sem er sérstakt við þennan vírus og aðgreinir hann frá öðrum er að hann er með tvöfalda virkni, þá kemur það sem við köllum tölvuorm, vírusinn dreifir sér innan staðarnetsins sem reynir á tiltekinn veikleika. Ef ekki er búið að setja inn þessa öryggisleiðréttingu sem við erum að benda á að þurfi nauðsynlegar að gera getur hann tekið yfir heilt staðarnet og allar tölvurnar í því.“

**saeunn@frettabladid.is**

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA

# Gagnrýna fyrirhuguð bílastæðagjöld

**FERÐAÞJÓNUSTA** Samtök ferðaþjónustunnar leggjast alfarið gegn frumvarpi Jóns Gunnarssonar, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, um breytingar á lögum um bílastæðagjöld. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra og sveitarstjórnir fái heimild til að setja reglur um og innheimta gjald fyrir bílastæði og þjónustu sem því tengist, svo sem viðveru bílastæðavarða og salernisaðstöðu.

„Það er ólíðandi að stjórnlaus gjaldtaka af hálfu opinberra aðila geti viðgengist hér á landi og gildir þá einu hvort um bílastæðagjöld eða aðra innheimtu sé að ræða,“ segja Samtök ferðaþjónustunnar í umsögn um frumvarpið. Auknar álögur og gjaldtaka á greinina sé það eina sem stjórnvöld leggi áherslu á að koma í framkvæmd án samtals eða samráðs við hagsmunaaðila og það sé ámælisvert. Samtökin hafi vissulega talað á þeim nótum að gjaldtaka sé eðlileg ef greitt sé hóflegt og sanngjarnt gjald fyrir virðisaukandi þjónustu á viðkomustöðum ferðamanna um landið.



Á Þingvöllum eru innheimt bílastæðagjöld á grunni sérlaga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Hins vegar er það algerlega óásættanlegt ef stjórnvöld eða sveitarfélög ætla að nýta sér gjaldheimtu og skattheimtu í ferðaþjónustu, umfram samkeppnishæfni greinarinnar til að byggja upp aðra innviði og almannaþjónustu,“ segir í umsögninni.

Samtökin kalla eftir samstarfi við samgönguráðherra og stjórnvöld um að greina gjaldtökuna og samræma framkvæmd bílastæðagjalda til að koma í veg fyrir að sett verði lög sem festa ferðaþjónustufyrirtæki í viðjum óþarfa gjaldtöku. Að því loknu sé hægt að fara í ofangreindar breytingar á umferðarlögum. **– jhh**

# VELJUM MEÐ **HJARTANU**



**Veljum Svansmerkta þjónustu og vörur sem eru framleiddar í sátt við umhverfið. Það er það minnsta sem við getum gert.**

**UMHVERFIS** STOFNUN

svanurinn.is @svanurinn

# Macron formlega tekinn við sem forseti Frakklands

**FRAKKLAND** Emmanuel Macron tók við embætti forseta Frakklands við formlega athöfn í gær. Fráfarandi forseti, Francois Hollande, tók á móti Macron í Elysée-höllinni í París, en hún er heimili forseta Frakklands.

Macron, sem er 39 ára, er yngsti forseti í sögu fimmta lýðveldis Frakklands og sá fyrsti sem ekki kemur úr röðum hinna hefðbundnu valdaflokka; Sósíalista eða Repúblikana.

Macron tekur við embættinu af Hollande sem er einn óvinsælasti forseti Frakklands. Hollande varð forseti árið 2012 en sóttist ekki eftir endurkjöri. Nýr forseti gekk í gær rauða dregilinn að höllinni og heilsaði forvera sínum á hallartröppunum. Eiginkona Macron, Brigitte, gekk ekki með honum til hallarinnar en var viðstödd innsetninguna.

Formlegri athöfn lauk svo þegar 21 fallbyssuskoti var hleypt af á bökkum Signu og nýjum forseta ekið að Sigurboganum þar sem hann heiðraði minningu óþekkta hermannsins.

Mikil öryggisgæsla er í París vegna athafnarinnar en lögreglumönnum á vakt var fjölgað um mörg hundruð. Viðbúnaðarstig er enn í gildi í landinu eftir hryðjuverkaárásirnar á Bataclan árið 2015.

Macron hlaut yfirburðakosningu í forsetakosningunum sem fóru fram fyrr í mánuðinum. Hann hlaut 66,1 prósent atkvæða, en mótframbjóðandi hans, Marine Le Pen, fékk tæp 34 prósent.

Fram undan eru þingkosningar í Frakklandi í júní. Macron er leiðtogi nýs flokks, En Marche!, sem á ekkert sæti á þingi. Áhrif hans í Frakklandi munu stjórnast mikið af því hvernig nýja flokknum gengur í þingkosningunum. Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, segist telja það ólíklegt að Macron nái meirihluta á þingi, það muni hafa sín áhrif. **– sg**



**Francois Hollande, fráfarandi forseti, tekur á móti Emmanuel Macron í París.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Flöskuskeytin fundust á Skotlandi og í Færeyjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Bæði skeyti Ævars fundin

**SAMFÉLAG** Ævar Þór Benediktsson, betur þekktur sem Ævar vísindamaður, sendi frá sér tvö flöskuskeyti í janúar 2016. Nú hafa þau bæði fundist. Hið fyrra fannst í Skotlandi í janúar síðastliðnum. Nú hefur hið síðara fundist í Færeyjum, að því er fram kemur í tilkynningu frá Ævari.

Laufey Óskarsdóttir Hansen, sem búsett er í Þórshöfn í Færeyjum, hafði fylgst náið með ferðalagi skeytisins í gegnum netið og vissi því nákvæmlega hvar það var niðurkomið. Hún lagði land undir fót ásamt fjölskyldu sinni til að nálgast skeytið og fann það í Húsavík á Sandey, eftir að það hafði rekið 18 þúsund kílómetra. **– jhh**

## Á slysadeild eftir eldsvoða

**SLYS** Einn var fluttur á slysadeild með brunasár eftir að eldur kom upp í kjallaraíbúð við Mosgerði í Reykjavík í gærmorgun. Allt tiltækt lið var sent á staðinn enda lagði mikinn reyk frá íbúðinni.

Húsið var mannlaust þegar slökkvilið bar að garði en þá var húsráðandinn, sá sem fór á slysadeild, kominn út úr húsinu. Talsverðar skemmdir urðu á íbúðinni. **– sks**

# Regla Verndar standi föngum fyrir þrifum og sé gagnslaus

**Afstaða vill breyta reglum um afplánun á áfangaheimilinu Vernd, sem eru liður í eftirliti með föngum. Umboðsmaður barna spyr hvort barnvæn sjónarmið hafi verið höfð til hliðsjónar þegar reglurnar voru settar.**

**FANGELSISMÁL** Afstaða, félag fanga, hefur sent Fangelsismálastofnun erindi þar sem þess er farið á leit að reglu um afplánun á áfangaheimilinu Vernd verði breytt, því að hún gangi í berhögg við yfirlýst markmið áfangaheimilisins, að aðlaga fangann samfélaginu síðustu mánuði refsivistar hans.

Reglan, sem Afstaða vill breyta, kveður á um að fangi skuli mæta í hús á kvöldverðartíma, mánudaga til föstudaga, fyrir klukkan 18 og dvelja þar til klukkan 19. Er þetta sagt liður í eftirliti með föngum. Afstaða segir þetta standa föngum fyrir þrifum.

Þá hefur umboðsmaður barna hefur sent bréf til Fangelsismálastofnunar og spurt hvort barnvæn sjónarmið hafi verið höfð til hliðsjónar þegar reglan var sett.

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, segir ljóst að reglan sé vond fyrir fjölskyldumenn. „Að meina föngum að vera á heimili sínu með fjölskyldunni á kvöldmatartíma, hlýtur að gera föngum erfiðara fyrir að aðlagast samfélagi sínu að nýju," útskýrir hann.

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, segist vilja tryggja að þessi barnvænu sjónarmið séu höfð með. „Okkur hefur þótt vanta upp á að fangelsisyfirvöld hafi í huga að fangar eiga líka börn."

Guðmundur Ingi segir regluna einnig standa í vegi fyrir atvinnumöguleikum fanga. „Og ekki síst framþróun í starfi. Margir fanganna hafa áhuga á að vinna í veitingageiranum, þar sem er mikla vinnu að fá um þessar mundir, en fá hreinlega ekki vinnu því þeir geta ekki unnið á matmálstíma."

Hann bendir á að viðveruskyldan á milli kl. 18 og 19 hafi í einhverjum tilvikum leitt til þess að fangar hafi ekki getað sótt kvöldnámskeið, til dæmis til að öðlast ökuréttindi.



**Fangar hafa heimild til að afplána hluta dóms síns á áfangaheimilinu Vernd.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Okkur hefur þótt vanta upp á að fangelsisyfirvöld hafi í huga að fangar eiga líka börn.
>
> Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna á Íslandi



Guðmundur segist skilja vel að eftirlit þurfi að hafa með föngum, meðal annars þeim sem eiga við fíknivanda að stríða. „En með því að setjast niður og ræða málin hlýtur að vera hægt að komast að niðurstöðu sem allir geta sætt sig við. Þetta er í raun gagnslaust eftirlit sem hamlar þessu fólki sem er að reyna að komast út í samfélagið á nýjan leik. Staðreyndin er sú að á milli kl. 18 og 19 frá mánudögum til föstudaga taka þeir fangar sem borða kvöldverð kannski 10 mínútur í það og hitta þar fyrir matráðskonu, en að því loknu fara þeir til herbergja sinna þar sem þeir dvelja þar til þeir mega fara aftur. Þegar hins vegar um er að ræða lögbundna frídaga sem ekki eru á laugardögum eða sunnudögum fara fangar beint til herbergja sinna. Eftirlitið er ekki meira en þetta," segir Guðmundur og kallar eftir breytingum.

Samkvæmt lögum getur Fangelsismálastofnun leyft fanga að afplána, til að mynda á Vernd, sem er utan fangelsis hluta refsitímans, að því gefnu að hann stundi vinnu, nám, starfsþjálfun eða meðferð sem stofnunin hefur samþykkt.
olof@frettabladid.is




Garðsláttuvélar

Mikið úrval garðsláttuvéla - með rafmótor eða bensínmótor

MTD

ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16 110 Reykjavík Sími 568-1500

Akureyri: Lónsbakka 601 Akureyri Sími 568-1555

Opnunartími: Opið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00 Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun: www.thor.is



**Umsóknarfrestur er til 15. maí**

# Spennandi og framsækið meistaranám á Bifröst

Háskólinn á Bifröst býður upp á spennandi meistaranám þar sem áhersla er lögð á frumkvæði nemenda og möguleika þeirra til að takast á við áskoranir framtíðar. Kennsluhættir taka mið af nýjustu tækni og rík áhersla er lögð á gagnrýna hugsun og raunverkefni, sem oft eru unnin í tengslum við atvinnu- lífið. Markmið skólans er að mennta samfélagslega ábyrga leiðtoga fyrir fjölbreytt atvinnulíf og samfélag.

- **Alþjóðaviðskipti – MS / MIB**
- **Forysta og stjórnun – MS / MLM**
- **Forysta og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun - MS / MLM**
- **Markaðsfræði - MS / MMM**
- **Viðskiptalögfræði - MBL / ML**
- **Menningarstjórnun – MA / MCM**

**Námið er kennt í fjarnámi**
**Umsóknarfrestur fyrir haustönn 2017 er til 15. maí**
Nánari upplýsingar á **bifrost.is**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
*- fyrir þá sem ætla lengra*

# Botninum náð



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Eftir að hafa mátt um nokkra hríð bíða í óvissu um framtíð starfa sinna á Akranesi var fiskvinnslufólki HB Granda tilkynnt um niðurstöðuna. Alls 86 starfsmönnum HB Granda verður sagt upp störfum fyrir mánaðamót og geta þeir í besta falli vonast eftir því að verða boðið sambærilegt starf í Reykjavík. En á meðan fiskverkafólkið á Akranesi bíður eftir uppsagnarbréfunum sínum bíða hluthafar í HB Granda eftir því að arður verði greiddur út fyrir árið 2016 en ein króna verður greidd í arð á hvern hlut. Fjárhæðin verður greidd út þann 31. maí næstkomandi og nemur alls 1,8 milljörðum króna sem hluthafarnir skipta á milli sín. Það er því óhætt að segja að hlutskipti starfsmanna og eigenda fyrirtækisins sé ólíkt.

„HB Grandi er traustur vinnustaður þar sem stjórnendum og starfsmönnum er annt um vellíðan og heilbrigði samstarfsfólks síns,“ stendur á heimasíðu fyrirtækisins undir fyrirsögninni Vellíðan og starfsandi. Kannski þessi setning verði svo bara tekin af heimasíðunni þegar búið verður að segja upp 86 manns fyrir mánaðamótin til þess að hámarka frekar hagnað fyrirtækisins. Hámarka arðgreiðslur til eigenda fremur en að stuðla að stöðugleika fyrir starfsfólkið og Akranes. Hámarka arðgreiðslur til Vogunar, Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Gildi lífeyrissjóðs, Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins A-deildar og Arion banka og þannig mætti áfram telja af lista stærstu hluthafa í HB Granda.

Saga HB Granda og Akraness er auðvitað ekkert einsdæmi. Langt frá því. Allt síðan kvótakerfinu var komið á til þess að koma í veg fyrir að íslensk útgerð gengi af miðunum dauðum með ofveiði hafa bæjarfélög víða um land mátt búa við óöryggi þar sem framtíð fólks og byggða hefur verið í höndum örfárra einstaklinga í krafti kvóta sem þeir hafa fengið að sýsla með óáreittir og án ábyrgðar. Kvóta sem er ekkert annað en hlutdeild í auðlind sem er auðvitað þjóðarinnar allrar en ekki fárra útvalinna einstaklinga og hagsmunaaðila sem hafa ítrekað tekið eigin hagsmuni fram yfir hagsmuni heildarinnar.

Aðstæður fiskverkafólksins á Akranesi eru langt frá því að vera einsdæmi í sögu íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins, en það merkilega er að enn og aftur virðast aðstæður á borð við þessar koma stjórnmálamönnum nokkuð á óvart. Enda keppast þeir nú við að lýsa því yfir að eitthvað þurfi til bragðs að taka. Við núverandi aðstæður verði ekki lengur unað, en svo sýnist sitt hverjum hvað sé þá helst til ráða. Því verður kannski nú sem endranær minna um aðgerðir og meira um yfirlýsingar. En við skulum samt vona ekki. Við skulum vona að stjórnmálin geri sér grein fyrir því að nú sé siðferðilegum botni náð. Að það sé orðið löngu tímabært að það sé til vinna fyrir fólkið en ekki fólk fyrir vinnu, eftir hentugleikum þeirra sem höndla með aflaheimildir í fiskinum okkar allra. Að tími róttækra breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu sé löngu runninn upp og að hagsmunir byggða landsins og þjóðarinnar í heild sinni verði hafðir að leiðarljósi.

**Að það sé orðið löngu tímabært að það sé til vinna fyrir fólkið en ekki fólk fyrir vinnu, eftir hentugleikum þeirra sem höndla með aflaheimildir í fiskinum okkar allra.**

Fundur um stöðuna á húsnæðismarkaði

Dagskrá:
Niðurstöður viðhorfskönnunar
Una Jónsdóttir, hagfræðingur hjá Íbúðalánasjóði

Leiguheimili íbúðafélagsins Bjargs
Björn Traustason, framkvæmdastjóri

Fundarstjóri er Sigrún Ásta Magnúsdóttir, sérfræðingur hjá Hagdeild Íbúðalánasjóðs.

Staður: Íbúðalánasjóður, Borgartúni 21
Stund: 18. maí, kl. 12–13:15

Skráning á ils.is

Íbúðalánasjóður

## Halldór




## Frá degi til dags

**Pirraður aðstoðarmaður**
**Stundum eiga stjórnmálamenn erfitt með að horfast í augu við sannleikann. Á dögunum sagði Nichole Leigh Mosty, þingmaður Bjartrar framtíðar og fulltrúi í allsherjar- og menntamálanefnd, að hugsanlega væri rétt að fresta frumvarpi um jafnlaunavottun til næsta hausts. Karl Pétur Jónsson, sem er pólitískur ráðgjafi jafnréttisráðherra, segir þingmanninn hafa verið dreginn inn í „ruglviðtal í Fréttablaðinu“, eins og hann orðaði það í Silfri Egils í gær. Bætti hann við að verið væri að „teikna upp einhverja atburðarás sem er ekki í gangi“.**

**Raunsæ skoðun**
**Það er kannski skiljanlegt að maður sem hefur varið drjúgum hluta starfsævi sinnar sem almannatengill, við að hafa markvisst áhrif á skoðanir annarra, skuli ætla öðrum það að teikna upp einhverja tiltekna atburðarás. Fréttin byggði þó einungis á ummælum sem þingmaðurinn lét flakka af fúsum og frjálsum vilja. Samkvæmt dagskrá þingsins eru tvær vikur eftir af starfi þess. Og Nichole segir mikinn fjölda þingmála liggja fyrir til umfjöllunar hjá nefndinni. Hugsanlega nær nefndin að vinna þrekvirki og klára þau öll. En líklegra er að þingmaðurinn tali af raunsæi.**
**jonhakon@frettabladid.is**

# Að pissa í skóinn sinn



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Pólitískir loftfimleikar snúast iðulega um undanbrögð, eftiráskýringar og kúvendingu í stefnumálum. Ríkisstjórnin iðkar þá íþrótt nú af miklum móð.

Síðasta haust voru framhaldsskólarnir plataðir til að sættast á styttingu úr fjórum árum í þrjú undir því yfirskini að það ætti að styrkja fjárhagsgrunn þeirra. Fyrrverandi menntamálaráðherra sór að við þetta yrði staðið en nýr ráðherra hefur nokkrum mánuðum síðar gengið hraustlega á bak orða forvera síns.

Í fjármálaáætlun síðustu ríkisstjórnar sagði um styttingu framhaldsskólans: „Áætlunin gerir ráð fyrir að allur sá sparnaður sem muni falla vegna styttingarinnar muni haldast innan kerfisins og fari í að efla framhaldsskólastigið enn frekar.“

Í nýrri fjármálaáætlun sem bíður samþykktar þingsins er öllu snúið á haus: „Eins og í fyrri fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að umtalsverður sparnaður komi fram í framhaldsskólakerfinu vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú og sá sparnaður endurspeglast í lægri framlögum til málefnasviðsins.“

Sem sagt, á nokkrum mánuðum hafa fyrirheitin verið svikin.

Í nýrri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar (bls. 265) er sérstaklega tekið fram að langvarandi aðhald í fjárheimildum framhaldsskóla hafi sett mark sitt á starfsemi og rekstrarstöðu þeirra. Undirfjármögnun hafi bitnað á gæðum kennslu og námsframboði. Hvorki hafi verið unnt að veita viðunandi stoðþjónustu né endurnýja búnað og kennslutæki. Eftir slíka klausu mætti gera ráð fyrir að í kjölfarið fylgdu upplýsingar um stórauknar fjárheimildir sem gerðu skólunum kleift að bæta stöðuna svo um munaði, en svo er ekki, þvert á móti. Áætlað er að yfir 600 milljónir hverfi út úr framhaldsskólakerfinu til ársins 2022, á gildistíma fjármálaáætlunarinnar. Nær væri að spýta hraustlega í, að minnsta kosti standa við gefin loforð.

Það þarf að búa íslenskt samfélag undir stórkostlegar breytingar í atvinnuháttum, samfara tæknibyltingu sjálfvæðingar, tölvu og gervigreindar, sem er framundan. Þar mun aukin og bætt menntun landsmanna leika algjört lykilhlutverk.

**Á nokkrum mánuðum hafa fyrirheitin verið svikin.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Skert rýmisgreind

**Í DAG**



Guðmundur Andri Thorsson

Þegar ég kom frá útlöndum um daginn fór ég að hugsa um „skerta rýmisgreind“. Það er víst ein af þessum nýmóðins greiningum og einhvern tímann skildist mér að hún ætti vel við mig.

**Víðáttu-vitlaus**

Skert rýmisgreind ku ekki síst lýsa sér í óvenju bágborinni ratvísi, sem er svo sannarlega af skornum skammti hjá mér, ég er algjör rati; ég er beinlínis víðáttu-vitlaus. Ég þekki engin fjöll, kann engin örnefni, er ættleri miðað við afa minn Indriða sem gat ungur smali ratað heim í niðaþoku með því að þreifa á steinum og finna jökulrispur sem hjálpuðu honum að átta sig – sem minnir okkur á alla þá eiginleika sem við höfum glatað með því að gerast borgarmenni.

Borgin: Ég hef ráfað um Þingholtin fullkomlega ráðvilltur í leit að Grundarstíg; ég hef lent í Efsta-Breiðholti á leið í Árbæ, verið kominn langleiðina til Akureyrar á leið í Stykkishólm; ekið um Kópavoginn úrkula vonar um að finna nokkru sinni leiðina út úr því martraðarkennda völundarhúsi og þar fram eftir nákvæmlega eins götunum.

Maður á náttúrlega aldrei að gera eigin galla að allsherjarreglu, og engum skal ég ætla að vera jafn víðáttu-vitlaus og ég. En – því er ekki að neita að stundum hefur það hvarflað að mér hvort skert rýmisgreind sé útbreiddari hér á landi en til dæmis í Japan eða bara Danmörku: það er að segja, einhvers konar ónæmi á umhverfi sitt, skortur á næmi fyrir rýminu í kring, kannski eiginleiki sem vex fram hjá fólki sem vanist hefur því að hafa nóg pláss.

Veldur kannski skert rýmisgreind því að Íslendingar gefa ekki stefnuljós – ekki einu sinni þeir sem eru í innri hring á hringtorgi? Veldur skert rýmisgreind íslenskri raðamenningu? Ræður hún för þegar teiknuð eru og reist hús hér á landi? Og umhverfi skipulagt?

**Ég velti fyrir mér hver hefði haft fyrir því að pota niður svona tré á svo fráleitum stað þar sem það átti svo augljóslega ekki heima.**

**Dautt barrtré**

Ég fór sem sé að hugsa um þetta þegar ég kom frá útlöndum á dögunum, snemma morguns eftir langt næturflug í þröngum sætum, þröngu rými. Kalt rokið reif í mann og þyrlaði upp hugsunum sem lúrðu neðst í hugskoti; þetta var grár sandbrúðnings-svarri og þegar maður var kominn upp í flugrútuna skynjaði maður umhverfi sitt með augum heimalningsins sem skerpast fyrsta hálftímann eftir lendingu en dofna svo hægt og rólega.

Það sveið í morgunsárinu og skilningarvitin voru næm og í smástund beið ég spenntur eftir því sem kynni að blasa við þyrstum augum mínum. Það fyrsta sem ég sá af landinu mínu fagra þegar rútan var lögð af stað frá Keflavíkurflugvelli var dautt barrtré. Það stóð þarna í grámanum og næðingnum, „illa rætt og undarlega sett“ eins og váboði. Eins og tákn.

Ég velti fyrir mér hver hefði haft fyrir því að pota niður svona tré á svo fráleitum stað þar sem það átti svo augljóslega ekki heima. Og hver hugsunin hafi átt að vera við svo ekkennilegt framtak gæti eiginlega verið. Ég velti því líka fyrir mér af hverju enginn fjarlægði tréð. Ákvað svo að sennilega væri þetta nokkurs konar minnisvarði um skerta rýmisgreind; fullkomið ónæmi á umhverfi og náttúru. Ég fann til feginleika þegar komið var í Hafnarfjörðinn, þennan fallega og hlýlega bæ, þar sem að vísu hafa verið sett niður í Hraununum hús sem virðast byggð af mönnum með formskyn á við fjögurra ára börn – með skerta rýmisgrein.



Þau hús vitna einu og svo margt á Íslandi um einhvers konar andúð á fegurðinni, uppreisn gegn hlutföllunum án þess að sérstök hugsun búi að baki önnur en sú hugmynd að ljótleiki vitni um látleysi og praktískan þankagang. Þetta virðist vera kennt í verkfræðideildunum sem útskrifa mennina sem einkum fá að reisa hús hér á landi, en er meinloka. Hið ljóta er ekki ódýrara en hið fagra; bara ljótara. Fegurðin er ekki óþörf: hún er frumþörf. Og þegar ljótleiki verður allsráðandi í byggingum húsa dregur mannlífið dám af því; það verður ljótt. Kaldar og gráar og svartar kassabyggingar eru eins og ljótt krass í sjóndeildarhringinn. Þegar maður á þess kost að sjá Esjuna, Akrafjall og Skarðsheiði en fær bara slíkt krass – þá jafngildir það mannréttindabroti.





# TÖFRAR SPÁNAR — MALLORCA

SPÁNN ER TÖFRUM LÍKAST MEÐ SÍNU EINSTAKA ANDRÚMS




## ALMERIA

2.–9. JÚNÍ **ROC GOLF TRINIDAD** ★★★★

VERÐ FRÁ **96.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með **ALLT INNIFALIÐ**. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 123.900 kr.




## ALMERIA

16.–23. JÚNÍ **BEST SABINAL** ★★★★

VERÐ FRÁ **95.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með **ALLT INNIFALIÐ**. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 119.900 kr.



## ALMERIA

23.–30. JÚNÍ **PIERRE VACANCES** ★★★

VERÐ FRÁ **76.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 85.900 kr.




## MALLORCA

8.–19. JÚNÍ **VISTA CLUB** ★★★

VERÐ FRÁ **77.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 103.900 kr.



## ALBÍR

23. JÚNÍ – 1. JÚLÍ **HOTEL KAKTUS** ★★★★

VERÐ FRÁ **86.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 98.900 kr.




## BENIDORM

30. JÚNÍ – 8. JÚLÍ **FLAMINGO OASIS** ★★★★

VERÐ FRÁ **102.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með **ALLT INNIFALIÐ**. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 123.900 kr.

VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.




# A, ALMERIA OG COSTA BLANCA

LOFTI, ALDAGAMALLI MENNINGU OG FALLEGUM STRÖNDUM




## MALLORCA

29. MAÍ – 8. JÚNÍ **VIVA TROPIC** ★★★★

VERÐ FRÁ **115.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 175.900 kr.




## KRAKKAKLÚBBUR Á KANARÍ

STARFRÆKTUR Á TÍMABILINU 14. JÚNÍ – 9. ÁGÚST

**CORONA BLANCA** ★★

VERÐ FRÁ **61.900 KR.**

Skemmtilegur krakka- og íþróttaklúbbur verður í sumar á Gran Canaria. Þessi klúbbur er í boði fyrir allar fjölskyldur sem gista á Corona Blanca og verður hinn hressi og hæfileikaríki íþróttafræðingur Guðni Páll Kárason með krökkunum meðan á dvöl stendur. Bókaðu hjá okkur á tímabilinu 14. júní til 9. ágúst á hótel Corona Blanca og slakaðu á í fríinu meðan börnin skemmta sér með Guðna. Krakka- og íþróttaklúbburinn er innifalinn í verði.

NÁNAR Á **UU.IS/KRAKKAKLUBBUR**



## ALTEA

9.–17. JÚNÍ **CAP NEGRET** ★★★★

VERÐ FRÁ **98.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með morgunverði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 99.900 kr.

TAKMARKAÐUR SÆTAFJÖLDI!

# RAUÐIR DAGAR

SÓLARTILBOÐ Á VÖLDUM BROTTFÖRUM

Á **UU.IS/RAUDIR**

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

## Stjarnan strengdi sér líflínu með sigri í Mýrinni






Gylfi Þór Sigurðsson og félagar hans í Swansea eru öruggir með sæti sitt í ensku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð eftir 2-0 sigur á Sunderland um helgina og fína hjálp frá Crystal Palace sem rassskellti Hull, 4-0, og sendi Hull niður í B-deildina.

Aðra leiktíðina í röð bjargar Swansea sér frá falli eftir mikla fallbaráttu og aftur var aðalmaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson. Gylfi lagði upp fyrra mark Swansea á móti Sunderland fyrir Fernando Llorente en samvinna þeirra í föstum leikatriðum er engu lík.

Þetta var þrettánda markið sem Gylfi Þór leggur upp fyrir Swansea á tímabilinu en hann er auk þess búinn að skora níu mörk og því koma að í heildina 22 af 43 mörkum Svananna á leiktíðinni eða rétt tæpum helmingi allra marka liðsins.



er einn af bestu þjálfurum heims í dag ef ekki sá besti. NORDICPHOTOS/GETTY

# isturum Chelsea

anum sjálfum Englandsmeistaratitlinum.

**César Azpilicueta er búinn að spila hverja einustu mínútu fyrir Chelsea á leiktíðinni.**

**13**

En svo eru það mennirnir sem gera svo mikið en fer minna fyrir.

Vissir þú, lesandi góður, að Spánverjinn César Azpilicueta, sem Conte breytti í frábæran miðvörð í þriggja manna kerfinu, er búinn að spila flestar mínútur allra í deildinni og sá er búinn að standa sig vel? Svo er félagi hans í vörninni, Gary Cahill, með þriðju bestu sendingaprósentu allra varnarmanna í úrvalsdeildinni. Azpilicueta er þar í sjötta sæti.

Svo er það Cesc Fábregas sem fær ekki mikið að spila. Spænski töframaðurinn er samt fjórði á stoðsendingalistanum með ellefu stykki á eftir Kevin De Bruyne, Gylfa Þór og Christian Eriksen. Fábregas nýtir sín tækifæri frábærlega og gefur stoðsendingu á 111 mínútna fresti. Næstur er De Bruyne með stoðsendingu á 175 mínútna fresti. Þetta kallast að koma inn af krafti.

**Víðtæk áhrif**

Fótboltinn er stundum svolítið eins og tískan; ef einn fær sér rifnar gallabuxur máttu bóka að næsti maður rífur fram skærin. Þannig hefur Conte komið 3-4-3 í sviðsljósið með því að láta Chelsea spila það. Ítalinn gerði það sama með frábærum árangri hjá Juventus þar sem hann vann þrjá Ítalíumeistaratitla í röð.

**Leikir sem Chelsea vann í röð eftir að hafa skipt í 3-4-3.**

Það er bara allt annað að gera þetta í deildinni sem allir í heiminum fylgjast með.

Fleiri þjálfarar úti um allan heim eru farnir að nota þriggja manna miðvarðalínur sem er ágætis tilbreyting frá 4-2-3-1 kerfinu sem meira og minna allir hafa notað undanfarinn áratug eða svo. Conte-áhrifin teygðu meira að segja anga sína til Íslands þar sem meistarar FH eru byrjaðir að spila 3-4-3 sem og KR og Grindavík. Stjarnan á þetta einnig í vopnabúri sínu.

Conte steig vart feilspor á leiktíðinni og fékk mikið hrós frá sérfræðingum á Englandi á föstudagskvöldið sem kepptust við að hlaða hann lofi.

„Það er ótrúlegt að sjá hvernig hann hefur haldið öllum ánægðum. Liðið fær ekki á sig rauð spjöld og aginn er mikill. Stöðugleikinn í liðinu er ótrúlegur og ástríða Conte sem og yfirvegun hans hefur smitast út í leikmannahópinn,“ sagði Ian Wright, fyrrverandi framherji Arsenal, um Ítalann sem nú stendur uppi sem Englandsmeistari á sinni fyrstu leiktíð. tomas@365.is

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**KR - ÍA 2-1**
1-0 Hafþór Pétursson (8., sjálfsmark), 2-0 Óskar Örn Hauksson (56.), 2-1 Garðar Bergmann Gunnlaugsson (85., víti).

**ÍBV - Víkingur R. 1-0**
1-0 Alvaro Montejo (15.).

**Grindavík - Víkingur Ó. 1-3**
0-1 Guðmundur Steinn Hafsteinsson (47.), 0-2 Kenan Turudija (52.), 0-3 Þorsteinn Már Ragnarsson (81.), 1-3 Juan Ortiz (90.+3).

**KA - Fjölnir 2-0**
1-0 Elfar Árni Aðalsteinsson (19.), 2-0 Emil Sigvardsen Lyng (58.)

**Breiðablik - Stjarnan 1-3**
0-1 Brynjar Gauti Guðjónsson (57.), 0-2 Guðjón Baldvinsson (62.), 1-2 Aron Bjarnason (72.), 1-3 Hilmar Árni Halldórsson (90.+4).

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjarnan | 3 | 2 | 1 | 0 | 10-3 | 7 |
| KA | 3 | 2 | 1 | 0 | 7-3 | 7 |
| Valur | 2 | 2 | 0 | 0 | 6-2 | 6 |
| KR | 3 | 2 | 0 | 1 | 5-4 | 6 |
| FH | 2 | 1 | 1 | 0 | 6-4 | 4 |
| Grindavík | 3 | 1 | 1 | 1 | 5-6 | 4 |
| Fjölnir | 3 | 1 | 1 | 1 | 1-2 | 4 |
| ÍBV | 3 | 1 | 1 | 1 | 1-5 | 4 |
| Víkingur Ó. | 3 | 1 | 0 | 2 | 4-5 | 3 |
| Víkingur R. | 3 | 1 | 0 | 2 | 3-4 | 3 |
| ÍA | 3 | 0 | 0 | 3 | 5-10 | 0 |
| Breiðablik | 3 | 0 | 0 | 3 | 2-7 | 0 |

**Olís-deild kvenna, lokaúrslit**

**Stjarnan - Fram 23-19**
**Stjarnan:** Sólveig Lára Kjærnested 8, Hanna G. Stefánsdóttir 7/3, Rakel Dögg Bragadóttir 3, Helene Rut Örvarsdóttir 3, Stefanía Theodórsdóttir 1, Nataly Sæunn Valencia 1, Elena Birgisdóttir 1.
**Fram:** Sigurbjörg Jóhannsdóttir 6/2, Steinunn Björnsdóttir 5, Ragnheiður Júlíusdóttir 2/1, Guðrún Þóra Hálfdánardóttir 2, Elísabet Gunnarsdóttir 1, Hafdís Shizuka Iura 1, Hildur Þorgeirsdóttir 1, Arna Þyri Ólafsdóttir 1.

**Staðan er 2-1 fyrir Fram.**

SÆKIR VANGOLDIN LAUN
Arnar Freyr Arnarsson, landsliðsmaður í handbolta, hefur stefnt uppeldisfélagi sínu Fram vegna vangoldinna launa en fyrirtaka í málinu fer fram á þriðjudaginn í Héraðsdómi Reykjavíkur. Arnar fékk illa greitt á síðustu leiktíð sinni hjá Fram áður en hann hélt út í atvinnumennsku til Kristianstad síðasta sumar.



Hann rifti samningi sínum við félagið undir lok síðustu leiktíðar en samt fengu Framarar greiðslu frá sænska félaginu fyrir línumanninn. Ákvæði í samningi Arnars segir að hann hafi átt að fá hlutdeild af kaupverðinu en hana fékk Arnar ekki, segir faðir hans, Arnar Þór Sævarsson. Reyna mun á þessa riftun fyrir dómstólum.

„Við erum bara að sækja peningana sem Fram skuldar. Svo hefur þessi hagsmunagæsla Arnars kostað sitt. Þetta eru engar risa upphæðir en við höfum bara verið harðir,“ segir Arnar Þór. „Við erum bara að reyna að senda skilboð inn í félagið og hreyfinguna um að samninga verði að virða. Krakkarnir okkar gera sína fyrstu samninga voða spenntir en svo eru þeir ekki virtir. Það er ekki gott.“

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | Messan | Sport2 |
| 19.00 | Chelsea - Watford | Sport2 |
| 19.45 | Valur - FH | Sport |
| 19.00 | Pepsi-mörkin | Sport |
| 19.00 | Síðustu 20 | Sport |
| 18.00 | Þór/KA - Haukar | Þórsvöllur |
| 18.00 | FH - KR | Kaplakriki |
| 19.15 | Breiðablik - Fylkir | Kópav.v. |










## Merkisatburðir

**1811** Paragvæ fær sjálfstæði frá Spáni.

**1897** Sigfús Eymundsson flytur til landsins grafófón og er sagt frá því í auglýsingu að tækið tali og syngi ýmis lög.

**1937** Hátíð er haldin á Íslandi í tilefni af 25 ára stjórnarafmæli Kristjáns konungs tíunda.

**1941** Alþingi samþykkir að fresta alþingiskosningum um allt að fjögur ár vegna hernámsins. Kosningar fóru þó fram árið eftir.



**1948** Enski tónlistarmaðurinn **Brian Eno** fæðist.

**1952** Fiskveiðilögsaga Íslands er færð út í fjórar mílur en var áður þrjár.

**1967** Fyrsta íslenska sjónvarpsleikritið er frumsýnt: Jón gamli eftir Matthías Johannessen.

**1976** Keflavíkurganga á vegum herstöðvaandstæðinga er gengin frá hliði herstöðvarinnar til Reykjavíkur.



**1980** ***Jóhann Hafstein,*** fyrrverandi forsætisráðherra, deyr.




Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Geirharður Þorsteinsson**
arkitekt,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund
fimmtudaginn 4. maí síðastliðinn.
Útför fer fram frá Neskirkju
þriðjudaginn 16. maí, kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast
hans er bent á Alzheimersamtökin.

**Guðný Helgadóttir**
**Þorsteinn Geirharðsson**
**Helgi Geirharðsson** **Kristín Helga Gunnarsdóttir**
**Kormákur Geirharðsson** **Dýrleif Örlygsdóttir**
**Halldóra Geirharðsdóttir** **Nicolas Pétur Blin**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Menntun fimm ára barna verður til umræðu á ráðstefnu á Grand Hóteli í allan dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Menntun barna rædd á faglegum forsendum

**Reglulega skýtur upp kollinum umræða um að færa menntun fimm ára barna í grunnskólann. Ástæðurnar eru yfirleitt af praktískum toga. Menntun fimm ára barna verður rædd á faglegum forsendum á Grand Hóteli í dag á ráðstefnu í tilefni afmælis Rannung.**

Undanfarin ár hefur við og við skotið upp kollinum umræða um að flytja fimm ára börn af leikskólastiginu og yfir í grunnskóla.

„Það hefur verið gert í sumum sveitarfélögum, við þekkum sveitarfélög eins og Garðabæ þar sem hluti barna fer í grunnskóla fimm ára. Það eru heilu sveitarfélögin eins og í Vestmannaeyjum þar sem fimm ára börn fara í deild við grunnskólann og svo framvegis. Akureyri er að byrja að tala um að flytja öll fimm ára börn yfir í grunnskóla,“ segir Kristín Karlsdóttir, lektor við Menntavísindasvið HÍ. Hún segir ástæðuna alla jafna vera þá að það þurfi að rýma til í leikskólunum til að koma yngstu leikskólabörnunum að. „Oftast er þetta því af praktískum ástæðum,“ segir hún.

> **Það er á þessu sviði sem við höfum aðallega verið að rannsaka börn á leikskólaaldri og fyrstu árum grunnskólans.**

Kristín segir þessa umræðu hafa áhrif inn í leikskólana sem velti því fyrir sér hvort þeir undirbúi börn nógu vel undir grunnskólann. „Það skiptir máli hvernig grunnskólarnir taka á móti fimm ára börnum, hvernig þeim er mætt.“

Umræða um menntun fimm ára barna er viðfangsefni ráðstefnu sem haldin verður á Grand Hóteli milli kl. 9.30 og 16.30 í dag. „Okkur fannst mikilvægt að reyna að ræða þetta í víðu samhengi og auðvitað fyrst og fremst með hliðsjón af því hvað þessi aldurshópur þarf. Hvers konar menntun við þurfum að bjóða þeim upp á,“ segir Kristín.

Ráðstefnan er haldin á tíu ára afmæli Rannung sem er rekið á vegum Menntavísindasviðs og hefur það að markmiði að auka og efla rannsóknir á menntun og uppeldi ungra barna á aldrinum 0 til 8 ára og vera vettvangur fræðaþróunar á því sviði.

„Það er á þessu sviði sem við höfum aðallega verið að rannsaka börn á leikskólaaldri og fyrstu árum grunnskólans,“ segir Kristín. **jonhakon@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 15 MAÍ 1987

## Travolta á Íslandi

Hollywood-leikarinn John Travolta kom til Íslands fyrir 30 árum, eða 15. maí 1987. Hann fór meðal annars að sjá sýningu á Broadway. Í samtali við DV sagðist hann hafa haft allt of lítinn tíma til þess að skoða sig um.

„Það var alltof lítill tími til þess að skoða Ísland núna og ég vildi svo sannarlega koma aftur. En það sem ég sá er einstaklega fallegt,“ sagði hann.

Travolta fæddist árið 1954 í New Jersey í Bandaríkjunum. Hann ólst upp í fátækt en móðir hans skráði hann í leiklistarskóla í New York. Hann fékk fyrsta hlutverk sitt þegar hann var sextán ára gamall og þar með lauk skólagöngu hans.

Hann vann til Óskarsverðlauna og Golden Globe verðlauna fyrir hlutverk sitt í Saturday Night Fever árið 1977 og árið 1978 lék hann í sinni þekktustu bíómynd, Grease.

Travolta ræddi bernsku sína í viðtali við DV. „Þekkirðu þann hluta lægri þrepa þjóðfélagsins sem kallaður er hin vinnandi stétt? Þaðan er ég upprunninn. Átti írska móður, sem nú er látin, og faðir minn, sem einmitt er með mér núna, er af ítölskum ættum,“ sagði hann og viðurkenndi að ýmislegt hefði breyst frá því að hann var barn. „Og ég er hæstánægður með skiptin,“ sagði hann.




20 ÁRA
LIFANDI VÍSINDI
KOMDU MEÐ Í FERÐALAG UM ÆVINTÝRAHEIMA VÍSINDANNA!
www.visindi.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Austlæg átt, víða 5-13 og úrkomulítið. Vaxandi norðaustanátt og fer að rigna um kvöldið, fyrst suðvestanlands. Sums staðar stormur á Suðausturlandi og allra syðst. Hiti 6 til 15 stig, svalast á Austfjörðum.




## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 3° | 5° |
| ↖5 | ↙9 | ↘2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° | 8° | 4° |
| ↙2 | ↑3 | ↖3 |

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 1° | 1° |
| ↓8 | ↓17 | ↘8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 10° | 10° | -0° |
| ↗8 | ↗4 | ↓6 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 8 | | | | 1 | |
| | 8 | 3 | | | 6 | | 5 | 9 |
| | | | | 3 | | | | |
| | | 8 | | 4 | | 1 | | |
| | 4 | | 9 | 7 | | 5 | | |
| 3 | 5 | | 6 | 2 | | 8 | | 4 |
| | 9 | 4 | | | 7 | | | 5 |
| 1 | 7 | | 3 | | | | | 6 |
| 2 | | | 4 | | 9 | 7 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 4 | | 1 | 2 | | 3 |
| 8 | | 2 | | | | | 5 | |
| | 6 | | 5 | | | | 9 | |
| | | | | 3 | 5 | | | |
| | 8 | 1 | | 9 | | 5 | 3 | |
| | | | 7 | 8 | | | | 1 |
| 6 | | 7 | | | 9 | | | |
| 3 | | | | | | | 6 | |
| | 1 | | 2 | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | 5 | 6 | | | |
| | | 6 | 7 | 8 | | 2 | | |
| | | 5 | | | | | | |
| | | | | 2 | | 6 | | |
| 2 | | 4 | | | 3 | | 8 | |
| | | | 5 | 4 | | 9 | | 1 |
| | 3 | 8 | | | | 1 | | |
| 1 | 6 | | 4 | 9 | | | | |
| 4 | | | 6 | | | | 9 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 3 | 8 | 6 |
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 8 | 2 | 9 | 4 |
| 4 | 3 | 8 | 6 | 9 | 2 | 7 | 5 | 1 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 1 | 7 | 8 | 2 | 3 | 9 | 4 | 5 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 | 4 | 1 | 2 |
| 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 4 | 8 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 9 | 2 | 4 |
| 8 | 4 | 1 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 |
| 4 | 3 | 2 | 5 | 1 | 6 | 8 | 7 | 9 |
| 5 | 7 | 6 | 2 | 9 | 8 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 8 | 3 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 |
| 3 | 9 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 4 | 6 | 3 | 7 | 9 | 2 |
| 2 | 6 | 4 | 8 | 7 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 7 | 9 | 6 | 3 | 4 | 2 | 5 |
| 9 | 5 | 2 | 4 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 3 | 6 | 4 | 2 | 1 | 5 | 7 | 8 | 9 |
| 1 | 4 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 5 | 2 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 6 | 1 | 9 | 4 |
| 5 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 2 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 4 | 8 |
| 6 | 9 | 8 | 7 | 4 | 2 | 5 | 1 | 3 |
| 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 9 | 2 | 7 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hreinsiefni
6. hljóm
8. gogg
9. blundur
11. í röð
12. miklu
14. þrætur
16. tímabil
17. af
18. sólunda
20. pfn.
21. tikka

**LÓÐRÉTT**
1. mats
3. utan
4. ávaxtatré
5. þakbrún
7. andstaða
10. sönghópur
13. rangl
15. rótartauga
16. hylli
19. frá

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT: 2.** sápu, **6.** óm, **8.** nef, **9.** mók, **11.** rs, **12.** stóru, **14.** þrátt, **16.** ár, **17.** frá, **18.** sóa, **20.** ég, **21.** tifa.
**LÓÐRÉTT: 1.** dóms, **3.** án, **4.** perutré, **5.** ufs, **7.** mótþrói, **10.** kór, **13.** ráf, **15.** tága, **16.** ást, **19.** af.

## Skák Gunnar Björnsson

Björn Þorfinnsson (2.407) átti leik gegn Bárði Erni Birkissyni (2.162) á Íslandsmótinu í Hafnarfirði.

**Svartur á leik**

**17...f6!** Hvítur á enga góða vörn við hótuninni **18...g5. 17... Be7** vinnur líka af sömu ástæðu. Bárður gafst upp skömmu síðar. Héðinn Steingrímsson er efstur eftir fjórar umferðir. Dagur Ragnarsson og Guðmundur Kjartansson koma næstir.

**www.skak.is:** Allt um Íslandsmótið.



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



















Stórsveit Reykjavíkur heldur tónleika í Hörpu í kvöld.




Þessa dagana stendur yfir útskriftarsýning Listaháskóla Íslands í Hafnarhúsinu.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 15. MAÍ

### Tónlist

**Hvað?** Ný íslensk tónlist 2017
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hörpu
Stórsveit Reykjavíkur heldur tónleika í Kaldalóni, Hörpu. Um er að ræða árlega tónleika þar sem sveitin frumflytur nýja íslenska tónlist sérstaklega samda fyrir sveitina. Þessir tónleikar hafa verið mjög spennandi undafarin ár og hafa meðal annars getið af sér verðlaunaplötur með tónlist Jóels Pálssonar og Stefáns S. Stefánssonar. Að þessu sinni verða flutt verk eftir Snorra Sigurðarson, Kjartan Valdemarsson, Hauk Gröndal og Önnu Grétu Sigurðardóttur. Stjórnandi er Snorri Sigurðarson. Miðar fást í miðasölu Hörpu og á harpa.is.

### Sýningar

**Hvað?** Kyrrð
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstöðum
Kyrrð er viðamikil yfirlitssýning á verkum listakonunnar Louisu Matthíasdóttur (1917–2000) þar sem kærkomið tækifæri gefst til að fá yfirsýn yfir feril listakonu sem á einstakan hátt hefur túlkað íslenskt landslag.

**Hvað?** Útskriftarsýning LHÍ
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsinu
Útskriftarsýning nema í myndlist, vöruhönnun, arkitektúr, fatahönnun, og grafískri hönnun.

### Uppákoma

**Hvað?** Mæður #2 – Námskeið í Kundalini jóga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgartúni 3
Mæður #2 er námskeið í Kundalini jóga fyrir tættar mæður! Námskeiðið hentar byrjendum en einnig þeim sem hafa lokið fyrra námskeiðinu. Hugsað fyrir mæður sem eiga börn á öllum aldri en tekið skal fram að tímarnir eru ekki hugsaðir þannig að börn séu tekin með í tímann. Námskeiðið er haldið á mánudagskvöldum frá klukkan 20.00 – 21.15, 15. maí – 19. júní. Verðið er 9.000 krónur og skráning fer fram í gegnum sigrunyoga@gmail.com.



Sérstakt jóganámskeið fyrir mömmur hefst í dag.







# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Tommi og Jenni
**07.45** The Middle
**08.10** 2 Broke Girls
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Who Do You Think You Are?
**11.05** The Comeback
**11.45** Project Greenlight
**12.35** Nágrannar
**13.00** Britain's Got Talent
**13.25** Britain's Got Talent
**14.35** Britain's Got Talent
**15.00** Britain's Got Talent
**16.10** Britain's Got Talent
**16.35** The Simpsons
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Brother vs. Brother
**20.05** **Hvar er best að búa?** Frábærir nýir þættir með Lóu Pind. Hvern dreymir ekki um að rífa sig upp úr rútínunni og flytja með fjölskylduna til útlanda? Lóa heimsækir íslenskar fjölskyldur sem létu drauminn um að búa í útlöndum rætast. Við heimsækjum fasteignasala og afbrotasálfræðing í Kanada, fitnessdrottningu og leiðsögumann í Þýskalandi, par sem er að gera upp gamalt skólahús í Danmörku, sjúkraþjálfara í Katar, epla- og eggjabændur í Noregi og fimm manna fjölskyldu sem nýtur lífsins á Kanarí.
**20.45** Cardinal
**21.30** The Path
**22.20** Vice
**22.55** Girls
**23.25** Blindspot
**00.10** Outsiders
**00.55** The Mentalist
**01.40** The Young Pope
**02.35** 100 Code
**03.20** Murder
**04.20** The Player
**05.00** Togetherness
**05.30** The Middle
**05.55** The Simpsons

## STÖÐ 2 SPORT

**07.25** Crystal Palace - 
**09.05** Tottenham - Man. Utd.
**10.45** Formúla 1 - Keppni
**13.05** Inkasso deildin
**14.45** Pepsí deild karla
**16.25** Pepsí deild karla
**18.05** Pepsí deild karla
**19.45** Pepsí deild karla
**22.00** Pepsímörkin
**23.25** Síðustu 20
**23.45** Formúla E - Highlights
**00.40** Pepsímörkin

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Fulham - Reading
**08.40** Leipzig - Bayern Munchen
**10.20** Augsburg - Borussia Dortmund
**12.00** Las Palmas - Barcelona
**13.40** Real Madrid - Sevilla
**15.20** West Ham - Liverpool
**17.00** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**17.30** Spænsku mörkin
**18.00** Messan
**19.00** Chelsea - Watford
**21.00** Messan
**21.30** Tottenham - Man. Utd.
**23.10** Pepsí deild karla
**00.50** Síðustu 20

## STÖÐ 3

**17.25** Mike & Molly
**17.50** 2 Broke Girls
**18.15** Anger Management
**18.40** Modern Family
**19.05** Fóstbræður
**19.35** Stelpurnar
**20.00** Who Do You Think You Are?
**20.45** Pretty Little Liars
**21.30** Legit
**21.55** Game of Thrones
**23.00** The Americans
**23.45** The Brink
**01.00** Fóstbræður
**01.30** Stelpurnar
**01.55** Who Do You Think You Are?
**02.40** Pretty Little Liars
**03.25** Legit
**03.50** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Strumparnir
**07.25** Hvellur keppnisbíll
**07.37** Ævintýraferðin
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** Víkingurinn Viggó
**08.11** Zigby
**08.25** Stóri og litli
**08.38** Latibær
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur og félagar
**11.00** Strumparnir
**11.25** Hvellur keppnisbíll
**11.37** Ævintýraferðin
**11.49** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** Víkingurinn Viggó
**12.11** Zigby
**12.25** Stóri og litli
**12.38** Latibær
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur og félagar
**15.00** Strumparnir
**15.25** Hvellur keppnisbíll
**15.37** Ævintýraferðin
**15.49** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** Víkingurinn Viggó
**16.11** Zigby
**16.25** Stóri og litli
**16.38** Latibær
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Lalli
**18.55** Rasmus Klumpur og félagar
**19.00** Rasmus fer á flakk



Svampur Sveins kl. 10.24, 14.24 og 18.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.45** The Players Championship
**13.45** Golfing World
**14.35** Inside the PGA Tour
**15.00** The Players Championship
**20.00** PGA Highlights
**20.55** Champions Tour Highlights
**21.50** Golfing World
**22.40** PGA Highlights

## BÍÓSTÖÐIN

**11.05** Vaski grísinn Baddi
**12.40** Mr. Holmes
**14.25** **Pride and Prejudice** Vönduð kvikmynd sem er byggð á víðfrægri bók eftir Jane Austin með Kieru Knightley og Matthew Macfadyen í aðalhlutverkum. Bennet-hjónin eiga saman fimm dætur og allar eru þær einhleypar. Þegar hinn auðugi Darcy sest að í næsta nágrenni veldur það mikilli spennu á heimili Bennet-fjölskyldunnar. Elizabeth Bennet kynnist hinum hrokafulla Darcy sem virðist í fyrstu ekki mikið gefinn fyrir vinalegheit en það á mögulega eftir að breytast.
**16.30** Vaski grísinn Baddi
**18.05** Mr. Holmes
**19.50** Pride and Prejudice
**22.00** **Maze Runner. The Scorch Trials** Spennumynd frá 2015 sem byggð er á bókum rithöfundarins James Dashner um Thomas sem vaknaði einn daginn algjörlega minnislaus um fortíð sína og var ásamt hóp af öðrum minnislausum strákum staddur í miðju einhvers konar völundarhúsi sem engin leið virtist út úr nema bíða um leið bana.
**00.15** Automata
**02.05** Kept Woman
**03.35** Maze Runner. The Scorch Trials

## RÚV

**16.50** Silfrið
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Háværa ljónið Urri
**18.12** Hundalíf
**18.14** Róbert bangsi
**18.24** Skógargengið
**18.35** Undraveröld Gúnda
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.10** Afbrigðileg dýr
**21.10** Dicte
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Rembrandt
**23.25** Skuggaleikur
**00.10** Kastljós
**00.40** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Chasing Life
**09.50** Jane the Virgin
**10.35** Síminn + Spotify
**13.00** Dr. Phil
**13.40** Top Gear. Patagonia Special
**14.40** Psych
**15.25** Black-ish
**15.50** Jane the Virgin
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** King of Queens
**19.00** Arrested Development
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Superstore
**20.15** Top Chef
**21.00** Hawaii Five-0
**21.45** Shades of Blue
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Californication
**00.20** CSI
**01.05** Scorpion
**01.50** Madam Secretary
**02.35** Hawaii Five-0
**03.20** Shades of Blue
**04.05** The Tonight Show
**04.45** The Late Late Show
**05.25** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |





Dreymir þig um að flytja til útlanda? Í þessari skemmtilegu þáttaröð heimsækir Lóa Pind íslenskar fjölskyldur sem létu drauminn rætast og leituðu á nýjar slóðir. Í þessum þætti kynnumst við Íslendingum sem fluttu alla leið til Qatar þar sem menningin er framandi og hitinn getur farið yfir 50 stig.

**MAGNAÐ MÁNUDAGSKVÖLD**

Fáðu þér áskrift á **365.is** 365




**CARDINAL**

Magnaðir spennuþættir þar sem rannsóknarlögreglumennirnir John Cardinal og Lise Delorme freista þess að leysa sérlega flókið og ofbeldisfullt sakamál. Hins vegar gætu leyndarmál Cardinals úr fortíðinni stofnað rannsókninni og um leið ferli hans í hættu.

**THE PATH**

Stórgóðir þættir um Eddie Lane sem hrífst af kenningum sértrúarsafnaðar en það er ekki alltaf einfalt að fylgja sannfæringu sinni.



**VICE**

Ferskir og vandaðir fréttaþættir frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjölinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.



**THE MAZE RUNNER: THE SCORCH TRIALS**

Eftir að hafa sloppið úr völundarhúsinu standa Thomas og félagar frammi fyrir nýjum áskorunum þegar þau þurfa að komast að því hvað vakir fyrir leiðtogum WCKD.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

Milwaukee
Nothing but HEAVY DUTY.™

# VERKFÆRA SALAN

20 ára — Síðan 1997

Frábær tilboð á Milwaukee




## Milwaukee hátíð á morgun, þriðjudag, í Síðumúla 11

### Sérfræðingar Milwaukee veita ráðgjöf.
### Grillaðir verða hamborgarar og pylsur.





**27.900.-**
**Borvél M12 BPD-202C**
Borvél m/höggi, átak 32Nm, 2x2,0Ah rafhlöður og hleðslutæki.



**69.900.-**
**Borvél M18FPD-502X**
Borvél m/höggi, **átak 135Nm**, 2x5,0Ah rafhlöður og hleðslutæki.



**67.900.-**
**Sett M12 CPP2A-402C**
Borvél m/höggi 44Nm og höggskrúfvél 19/135Nm 2x4.0Ah rafhlöður og hleðslut.



**79.900.-**
**Herslulykill M18FIWP12-502X**
Hersla 40Nm-120Nm-300Nm 0-120Nm 2x5,0Ah rafhlöður og hleðslutæki.



**69.900.-**
**Sett M18SET2T-502W**
Kolalaus borvél 60Nm og fjölnotavél ásamt blöðum, 2x5,0Ah rafhlöður og hleðslutæki.



**109.900.-**
**Sett M18ONEPP2E-503X**
Borvél ONE-KEY 135Nm og slípirokkur 125mm. 3x5.0Ah rafhlöður og hleðslutæki.



**189.900.-**
**VERKFÆRASETT FPP6C-503B**
Borvél 135Nm, slípirokkur 125mm, herslulykill 300Nm, hjólsög 165mm, sverðsög og LED ljós. 3x5.0Ah rafhlöður og hleðslutæki.

Verkfærasalan - Síðumúla 11 - Dalshrauni 13 - 560-8888 - www.vfs.is

DORMA KYNNIR

SIMBA®



Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

**Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims.**

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegum minnissvampi.

**Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.**

**Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftrtöldum stærðum**

| | |
|---|---|
| 90 x 200 cm | 74.990 kr. |
| 120 x 200 cm | 89.990 kr. |
| 140 x 200 cm | 99.900 kr. |
| 160 x 200 cm | 114.990 kr. |
| 180 x 200 cm | 129.900 kr. |



**Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á**
**www.simbasleep.is**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
**Smáratorgi, Kópavogi**
**Dalsbraut 1, Akureyri**
**Skeiði 1, Ísafirði**

DORMA
Láttu drauminn rætast




**Þórunn Antonía heimsótti Guðna Th. á föstudaginn og sýndi honum límmiðana.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Eru saman í liði gegn nauðgunum

**Þórunn Antonía Magnúsdóttir** vill koma í veg fyrir að fólki séu byrluð nauðgunarlyf. Hún lét gera límmiða sem settur er ofan á glös. Guðni Th. er verndari verkefnisins. Dillon, B5 og Prikið taka þátt.

Örugg skemmtun á að vera í fyrirrúmi í skemmtanabransanum og þannig er það svo sannarlega hjá okkur á Secret Solstice," segir Þórunn Antonía, sem vinnur fyrir tónlistarhátíðina, en hún fékk nýverið þá hugmynd að láta útbúa sérstaka límmiða sem límdir eru ofan á glös og koma í veg fyrir að hægt sé að lauma nauðgunarlyfi ofan í þau. Skemmtistaðirnir Prikið, B5 og Dillon ætla að taka þátt.

„Hugmyndin kviknaði út frá sorg og vanmáttarkennd stúlku sem er mér afar kær og var byrlað lyf á skemmtistað og nauðgað. "

## Var sem betur fer bjargað

„Svo eins og öll þjóðin fylgdist ég grannt með Birnu Brjánsdóttur harmleiknum. Það sem sló mig var að ég upplifði að henni hefði verið byrlað þegar ég horfði á myndskeið af henni sem kom í fréttamiðlum, kannski var það ímyndun í mér en það minnti mig á tilfinningu sem ég sjálf hafði upplifað þegar ég var yngri og fékk eitthvað út í drykkinn minn á skemmtistað í London. Þá var fyrsta tilfinning mín þyngsli í fótunum, svo algjört minnisleysi. Sem betur fer var mér bjargað. Vinur minn vann sem dyravörður á skemmtistað þegar ókunnur maður var að bera mig út, sagðist vera kærastinn minn. Hann var stöðvaður og mér komið í örugga höfn. Ég var heppin að þarna var einhver með opin augun. En þetta snýst ekki um mig eða mína sögu, heldur allar þessar sögur sem maður heyrir aftur og aftur," útskýrir Þórunn Antonía.

> **HUGMYNDIN KVIKNAÐI ÚT FRÁ SORG OG VANMÁTTARKENND STÚLKU SEM ER MÉR AFAR KÆR OG VAR BYRLAÐ LYF Á SKEMMTISTAÐ OG NAUÐGAÐ.**

„Sama dag og ég heyrði af máli ungu konunnar sem er mér svo kær tók ég við störfum sem kynningarstjóri Secret Solstice. Þá vorum við Sveinn, samstarfsmaður minn, að tala um hversu algengt og sorglegt þetta væri, þessar djammsögur. Sjálfur deildi hann sinni sögu af miklu hugrekki í druslugöngunni fyrir nokkru og þessi málefni eru honum hugleikin. Við í teyminu vorum á leiðinni á fund með auglýsingastofu og vorum að kasta fram hugmyndum og þá kom þetta, mér datt í hug að láta búa til filmu eða miða sem fólk getur sett yfir drykkinn sinn. Þar sem við erum að fara að prenta límmiða og alls konar á annað borð, af hverju ekki að búa til eitthvað sem eykur öryggiskennd, skapar umtal og samstöðu? Því fleiri sem opna augun og fylgjast með og láta sig hag annarra varða, því betra," segir Þórunn sem þykir sorglegt að þörf sé á þessu verkefni.

„Við ættum auðvitað ekkert að þurfa að vera að pæla í svona löguðu, það er í raun fáránlegt. En staðreyndin er sú að það er fólk sem er að gera þetta af ásettu ráði sem er enn þá fáránlegra og flestum algjörlega óskiljanlegt. Rétt eins og við ættum ekkert að þurfa að læsa bílum eða heimilum okkar af ótta við að það brjótist einhver inn, en þurfum samt að gera það. Það er til fólk sem stelur og það er til fólk sem byrlar og nauðgar. Það er sorglegt en satt."

## Við eigum að passa hvert annað

„Þetta er bara fyrsta prent og tilraun sem við gerðum í samstarfi við PMT prent. Þeir gáfu okkur 10.000 miða til þess að styrkja málstaðinn og ég vil endilega að barir, veitingahús og útihátíðir hugsi um að láta prenta svona límmiða."

Þórunn vonast til að verkefnið verði til þess að fleiri geti skemmt sér vel. „Fólk skemmtir sér betur ef það veit að það er gæsla og öryggi og kannski er þetta ágæt viðbót við það. Ég veit að þetta er kannski ekki lausn en þetta er hugmynd og ég er að reyna að skapa umtal og vitundarvakningu um að við eigum að passa hvert annað."

„Ef einhver er ofurölvi þá á maður að bjóða fram hjálp. Þú gætir verið að bjarga lífi. Ábyrgðin er ekki bara þeirra sem drekka úr glasinu heldur allra í kring. Ef þú sérð eitthvað, láttu það þig varða."

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, er verndari verkefnisins og tekur þátt í að vekja athygli á því. „Ég settist eiginlega niður harmi slegin og full af eldmóði eftir að ég heyrði sögu um fjölskyldumeðlim og sendi forsetanum bréf með einlægri beiðni um hjálp til að varpa ljósi inn í þennan myrka veruleika, hvort hann vildi vera með í þessari vitundarvakningu. Hann bókaði mig á fund og vildi standa með mér og okkur í þessu verkefni. Ef það er hægt að varpa ljósi á eitthvað sem þarf að tala um, þá á maður að gera það þó óþægilegt og erfitt sé." **gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




SUBARU
Confidence in Motion




ENNEMM / SÍA / NM81863

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

## SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrði stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Helgu Völu Helgadóttur



# Sáttameðferð

„Áður en krafist er úrskurðar eða höfðað mál um forsjá, lögheimili, umgengni, dagsektir eða aðför er foreldrum skylt að leita sátta samkvæmt þessari grein.“

Svona hljóðar 33. gr. a. liðar barnalaga. Langflestir foreldrar ná að sættast og þá er þetta lítið mál, en við lögmenn fáum til okkar þá sem ekki geta náð sáttum. Sáttameðferð getur borið árangur en í sumum tilvikum eru aðstæður þannig að það er beinlínis óæskilegt að leggja slíka meðferð á aðila. Á Íslandi eru engar undanþágur veittar við þessu ákvæði barnalaga.

Þannig þarf einstaklingur sem flýr heimili sitt með börn sín undan ofbeldi og vanvirðingu að undirgangast sáttameðferð áður en hægt er að halda áfram með málin. Hægt er að óska eftir því að þurfa ekki að sitja sáttameðferð í sama herbergi og ofbeldismanneskjan en engu að síður þarf þetta ferli allt að eiga sér stað með tilheyrandi drætti á lausn málsins.

Þá er einnig skylda að leita sátta þegar umgengnisforeldri skilar ekki barni heim til sín að lokinni umgengni sem og þegar lögheimilisforeldri tálmar umgengni. Breytir þar engu þó viðkomandi aðilar hafi á undanförnum mánuðum setið sáttameðferð vegna deilu um forsjá, lögheimili eða annað. Sáttameðferð skal fara fram og mánuðirnir líða vegna álags á embættum sýslumanns. Barnið, sem bitist er um, líður þarna fyrir kerfið sem sett var í upphafi með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Kerfið sem í dag er lamað vegna fjárskorts og starfsmannaekklu.

Það mætti vel endurskoða þetta ákvæði barnalaga, svona fyrst löggjafinn er á annað borð að velta þessum málum fyrir sér. Setja inn undanþáguákvæði, þó ekki væri nema til að létta á lömuðu kerfinu.







